

## Fundargerð 457

Föstudaginn 19. janúar 2018 kl.10:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártorgi 1, Sauðárkróki. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Illugi Gunnarsson (IG) stjórnarformaður, Einar E. Einarsson (EEE), Gunnar Þorgeirsson (GP), Oddný M. Gunnarsdóttir (OMG) (varamaður) og Raket Óskarsdóttir (RÓ). Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson (AÞ) forstjóri, Anna Lea Gestsdóttir (ALG) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 6), Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs (við dagskrárliði 8-12), Hrund Pétursdóttir (HP) umsjónarmaður áhættustýringar (við dagskrárliði 3 og 4), Sigurður Árnason (SÁ) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 7), Snorri Björn Sigurðsson (SBS) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Ingunn Guðmundsdóttir, Karl Björnsson og Sigríður Jóhannesdóttir, boðuðu forföll. Varamenn Ingunnar og Karls höfðu ekki tæk á að mæta.

Formaður setti fund kl 10:00 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar – til staðfestingar
2. Framfylgd starfsáætlunar 2017 og staða rekstrar – til kynningar
3. Starfs- og rekstraráætlun 2018 – seinni umræða – til afgreiðslu
4. Breyting á áhættustefnu – til afgreiðslu
5. Áhættuskýrsla 4. ársfjórðungs 2017 – til kynningar
6. Skýrsla um starfsemi atvinnuþróunarfélaganna – til kynningar
7. Aflamark Byggðastofnunar – staða og óúthlutað aflamark – til afgreiðslu
8. Fundargerðir lánanefndar – til kynningar og afgreiðslu
  - ...
  - ...
  - ...
  - ...
9. Lán til minkabænda – til afgreiðslu
10. Breytingar á reglum um störf stjórnar Byggðastofnunar – til afgreiðslu
11. Önnur mál
12. Næsti fundur

### 1. Fundargerð síðasta fundar – til staðfestingar

Formaður lagði fram fundargerð síðasta fundar, nr. 456 og var hún samþykkt án athugasemda og dreift til undirritunar.

### 2. Framfylgd starfsáætlunar 2017 og staða rekstrar – til kynningar

Fyrir fundinum lá yfirlit yfir stöðu verkefna í lok desember og staða rekstrar 31.12.2017. AÞ fór yfir stöðu verkefna í lok ársins 2017. Vinna við byggðaáætlun 2018-2024 er á lokastigum í ráðuneytinu og gert ráð fyrir að hún verði lögð fram á þingi í vor. Skrifað verður undir samninga um atvinnuþróun í Reykjavík 23. janúar nk. Þá hefði Raufarhöfn verið útskrifuð úr verkefninu Brothættar byggðir í síðustu viku. Þá hefðu rúmlega 30 umsóknir borist í Eyrarrósina.

AÐ fór yfir stöðu rekstrar 31. desember en lagði áherslu á að um drög væri að ræða, endurskoðun væri eftir og tölur gætu því breyst.

### 3. Starfs- og rekstraráætlun 2018 – seinni umræða – til afgreiðslu

Fyrir fundinum lá starfs- og rekstraráætlun 2018. AÐ fór yfir þær breytingar sem gerðar hefðu verið á starfsáætluninni frá því á síðasta fundi stjórnar og eftir ábendingar sem komu fram á þeim fundi. Þá hefðu orðið breytingar á verkefninu um jöfnun flutningskostnaðar. Þá hefði kaflinn um áhættustýringu verið uppfærður. Þrjú verkefni hefðu bæst við, þ.e. innleiðing á nýjum persónuverndarlögum, rafrænar umsóknir í þjónustugátt og vinna við starfsþróunaráætlun og endurmenntun starfsmanna.

Formaður bar upp starfs- og rekstraráætlun 2018 og var hún samþykkt samhljóða.

### 4. Breyting á áhættustefnu – til afgreiðslu

HP kom inn á fundinn undir þessum dagskrárlið og kynnti helstu breytingar á áhættustefnu stofnunarinnar. Áhættustefna var sett fyrst árið 2015 og endurskoðuð 2016.

Fyrir fundinum lá minnisblað frá forstjóra, ný útgáfa af áhættustefnu, kynning á breytingum á áhættustefnu og yfirlit yfir skýrsluskil til stjórnar.

Tillaga kom fram um að bætt yrði við textann í kafla 4.6, undir liðnum Aðgreining starfa, „Stjórn Byggðastofnunar ber ábyrgð á álagsþrófum“

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og áhættustefnu og voru þær samþykktar samhljóða.

### 5. Áhættuskýrsla 4. ársfjórðungs 2017 – til kynningar

HP og AME kynntu áhættuskýrslu vegna 4. ársfjórðungs 2017.

Tillaga kom frá formanni um að í samantekt á bls. 4 yrði bætt við samanburðardálki frá síðasta tímabili.

Óskað var eftir greiningu fyrir næsta fund stjórnar á skuldbreytingum lántakenda í ferðaþjónustu vegna hlutfallslega mikils fjölda skuldbreytinga í þeirri atvinnugrein á árinu 2017.

Þá var óskað eftir greinargerð um hvort þurfi að bregðast sérstaklega við verðbólguáhættu og hvort stjórn þurfi að bregðast við með einhverjum hætti.

HP vék af fundi.

Fundi var frestað kl. 11:57 vegna matarhlés og framhaldið kl. 12:27

### 6. Skýrsla um starfsemi atvinnuþróunarfélaganna – til kynningar

ALG kom á fundinn undir þessum dagskrárlið og kynnti skýrslu um úttekt á fyrirkomulagi og árangri hjá félögum með samning við Byggðastofnun um atvinnu- og byggðaðróun á árinu 2017. Hafði þeirri skýrslu verið dreift fyrir fundinn.

ALG vék af fundi

## 7. Aflamark Byggðastofnunar – staða og úthlutað aflamark – til afgreiðslu

SÁ kom á fundinn undir þessum dagskrárlið og fór yfir regluverk í kringum Aflamark Byggðastofnunar og stöðuna á einstökum stöðum. SÁ kynnti síðan minnisblað sitt og AÐ um stöðu á úthlutun á Aflamarki Byggðastofnunar sem dreift hafði verið fyrir fundinn, en 390 tonnum er óráðstafað. Komið hafa fram óskir um aukningu á aflamarki á þremur stöðum. Það er á Drangsnesi þar sem óskað var eftir 100 tonna aukningu, í Hrísey þar sem óskað var eftir 150 tonna aukningu og á Bakkafirði þar sem óskað var eftir aukningu en magn ekki tilgreint.

Lagt er til að forstjóra verði falið að auglýsa veiðiheimildir af Aflamarki Byggðastofnunar til neðangreindra staða, til eins árs, vegna fiskveiðiársins 2017/2018.

- Drangsness 100 tonn
- Hríseyjar 100 tonn
- Bakkafjarðar 100 tonn

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

Formaður fjallaði um nýjar úthlutunarreglur á byggðakvóta og telur líkur á að kallað verði eftir afstöðu Byggðastofnunar. Hefur hann áhuga á að fá formann starfshóps um framtíðarskipan byggðakvóta, Þórodd Bjarnason til að kynna tillögu starfshópsins á næsta fundi stjórnar ef hægt er.

SÁ vék af fundi

## 8. Fundargerðir lánanefndar – til kynningar og afgreiðslu

AME fór yfir fundargerðir lánanefndar nr. 41/17, 42/17, 1/18, 2/18 og 3/18 sem lágu fyrir fundinum.

...

...

...

...

## 9. Lán til minkabænda – til afgreiðslu

Fyrir fundinum lá minnisblað frá AME um stöðu minkaræktar á Íslandi og hugsanlega aðkomu Byggðastofnunar.

Formaður rifjaði upp umræðu á fyrri stjórnarfundum um mögulega lánveitingu til minkabænda þar sem þeir þyrftu að stækka búr til að uppfylla ákveðnar reglur. Nú hefur Alþingi ákveðið að úthluta 45 mkr. til stækkunar loðdýrabúra en eftir er að ákveða úthlutunarreglur. Ráðuneytið bíður nú eftir tillögu frá SÍL áður en ákvörðun um úthlutun verður tekin..

EEE leggur til að ákvörðun Byggðastofnunar verði tekin nú um að lána í verkefnið, en krafa verði um að styrkur verði greiddur til stofnunarinnar beint til lækkunar lána.

AP leggur fram eftirfarandi tillögu: „*Samþykkt er að veita sérstök lán til að koma til móts við vanda sem minkabændur standa frammi fyrir vegna nýrra krafna um aðbúnað dýra. Hámarkslán á hvert bú verði 6 mkr. Lánin verða í dönskum krónum og bera 4,5% álag og 1,8% lántökugjald með lánstíma til allt að 20 ára. Skilyrði er að styrkjum sem umsækjandi kann að eiga rétt á vegna breytinganna verði ávísað til Byggðastofnunar til lækkunar á lánunum. Lánin geta verið án afborgana höfuðstóls og vaxta í allt að þrjú ár ef óskað er.*“

Formaður bar upp tillögu forstjóra og var hún samþykkt samhljóða.

## 10. Breytingar á reglum um störf stjórnar Byggðastofnunar – til afgreiðslu

HÁ fór yfir tillögu að nýjum reglum um störf stjórnar Byggðastofnunar sem koma til vegna ábendinga innri endurskoðanda, laga um fjármálafyrirtæki og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins. Fyrir fundinum lá minnisblað hans með helstu breytingum.

Umræður urðu um samskipti stjórnarmanna og aðgang að fundargögnum. Óskað var eftir að skoðað yrði betur með þá þætti og að tillögurnar yrðu settar þannig upp að stjórnarmenn áttuðu sig betur á því hvaða breytingar væri verið að gera á reglunum. Þá var óskað eftir því að innri endurskoðandi yrði beðinn um álit á reglunum.

Málinu frestað til næsta fundar.

## 11. Önnur mál

### *Ráðstefna um raforkumál*

SBS upplýsti að ráðstefna um raforkumál sem vera átti í nóvember en var frestað vegna veðurs verði haldin fyrri partinn í mars á Akureyri.

### *Rafræn þjónusta í heilbrigðiskerfinu*

Formaður ræddi rafræna þjónustu í heilbrigðiskerfinu. SBS velti því upp hvort það væri ekki tilvalið málefni til að ræða á næstu Byggðamálaráðstefnu.

### *Húsnæðismál*

GÞ spurðist fyrir um stöðu nýbyggingar Byggðastofnunar. AP svaraði því til að arkitektar hefðu enn ekki skilað inn lokateikningum og væru komnir 2 mánuði á eftir.

## 12. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 16. febrúar á Sauðárkróki.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:58

Magnús Helgason, fundarritari

---

---

---

---

---

---

---